

131. fundur

131. fundur í stjórn Starfsmenntunarsjóðs starfsmanna stofnana Alþingis var haldinn miðvikudaginn 20. mars 2024. Fundurinn var haldinn í húsnæði Alþingis, Smiðju, og hófst kl. 11:15. Mætt voru Hildur Sigurðardóttir, Þórdís Hadda Yngvadóttir og Lárus H. Bjarnason, sem ritaði fundargerð. Kl. 12:30 var fundi frestað til kl. 13 miðvikudaginn 3. apríl 2024.

Tilfni fundarins var að fara yfir starfsreglur sjóðsins og gera tillögur um breytingar eftir því sem þurfa þykir, m.a. í ljósi þess að hámarksfjárhæðir hafa verið óbreyttar um alllangt skeið meðan verðlag hefur almennt hækkað um 40%. (Samkvæmt 6. gr. reglna um starfsmenntunarsjóð starfsfólks Alþingis og stofnana þess setur stjórn sjóðsins sér starfsreglur þar sem ákveðin skal hámarksfjárhæð styrkja og meðferð umsókna.)

Með hliðsjón af stöðu sjóðsins og verðlagspróunar undanfarin ár samþykkti stjórnin eftirfarandi breytingar á fjárhæðum í 5. gr. starfsreglna: Hámarksnámsstyrkur verði 560 þús. kr. á tveimur árum í stað 400 þús. kr., þar af megi nýta 120 þús. kr. vegna hópferða í stað 80 þús. kr. Þá verði hámarksstyrkur fyrir tómstundanámskeið 70 þús. kr. í stað 50 þús. kr.

Enn fremur voru samþykktar lítilsháttar orðalagsbreytingar á nokkrum greinum starfsreglnanna svo og aðrar efnisbreytingar sem hér segir: Fundað verði að jafnaði fjórum sinnum á ári (3. gr.), nánari fyrirmæli sett um frágang umsókna (6. gr. c), nánari fyrirmæli sett um reikninga (7. gr. a), sjóðfélaga gert skylt að tilkynna ef ekki verður af umsóttu verkefni (8. gr.) og loks var gildistökuákvæði (11. gr.) breytt til samræmis við framangreindar ákvarðanir.

Fundi slitið kl. 14:15 hinn 3. apríl 2024.

Hildur Sigurðardóttir
Þórdís
Lárus H. Bjarnason